

LÖG

um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Orðið „og“ í lok c-liðar fellur brott.
- b. Við bætist nýr staflíður, svohljóðandi: að ná kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Verði loftslagsmarkmið stjórnvalda uppfærð skal leggja til breytingar á þessu ákvæði því til samræmis.

2. gr.

Á eftir 5. tölul. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Kolefnishlutleysi*: Ástand þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er því engin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Vestmannaeyjum, 25. júní 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.